

Ungir hafa orðið...

Ræður framsögumanna á málþingum umboðsmanns barna um réttinda- og hagsmunamál barna og unglunga

*Barn sem myndað getur eigin skoðanir,
á rétt á því að láta þær frjálst í ljós í
öllum málum sem það varða og skal tekið
réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi
við aldur barns og þroska*

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

Íslenskum börnum er víða tryggður þessi réttur - réttur til að segja skoðun sína í málum er þau varða. Spurning er hins vegar, hvort þessi réttur barna sé meiri í orði en á borði. Fá börn að segja skoðun sína og er hlustað á það sem þau hafa fram að færa? Því miður þá virðist mér af þeim ábendingum, er borist hafa bæði frá börnum og fullorðnum, að þessi réttur barna sé ekki nægilega virtur. Börnum finnst oft og tíðum skorta á virðingu fyrir þeim, sem einstaklingum með sín sérstöku réttindi, sínar eigin þarfir og hagsmuni. Mörgum börnum finnst almennt séð ekki nægilega vel hlustað á skoðanir þeirra og sjónarmið - þau fá jafnvel ekki tækifæri til að tjá sig um málefni sem þau varða og telja sig þekkja, jafnvel betur en við hin fullorðnu.

Börn og unglingar hafa sínar eigin hugmyndir um raunveruleikann sem er að mörgu leyti ólíkur heimi okkar, hinna fullorðnu. Hvernig lítur heimurinn út með augum unglings? Það sem unglungurinn sér, heyrir, upplifir og þekkir, er raunveruleiki hans. Sjónarmið unglingsins mótast af þessum veruleika. Við hin fullorðnu berum ábyrgð á lífsskilyrðum barna og unglunga, en til að geta axlað þá ábyrgð verðum við að afla okkur þekkingar um barnið og

unglinginn - frá þeim sjálfum. Venjan er sú að leita til sérfræðinga áður en teknar eru mikilvægar ákvarðanir. Börn og unglingar eru sérfræðingar á sínu sviði. Við eigum að hlusta eftir sjónarmiðum barna og unglunga - í málum sem varða þau sérstaklega.

Sveitarfélögum ber að leita einhverra þeirra úrræða, sem tryggja börnum og unglungum með skipulögðum hætti, rétt til að hafa áhrif á töku ákvarðana í hagsmuna- og réttindamálum þeirra. Sveitarstjórnir þurfa að þróa með sér aðferðir til að leita eftir sjónarmiðum barna og unglunga sem í sveitarfélaginu búa. Þótt þessir íbúar öðlist ekki kosningarétt fyrr en þeir verða 18 ára er engin ástæða til að útiloka þá frá því að hafa áhrif á samfélagið - nema síður sé. Einmitt vegna þess að þau geta ekki með atkvæði sínu valið þá, sem fara með völdin í sveitarfélaginu hverju sinni, er nauðsynlegt að raddir þeirra og sjónarmið fái að komast að *á annan hátt*. Ýmsar leiðir eru mögulegar í þessum efnum.

Í þessari skýrslu, sem ber heitið "Ungir hafa orðið..." er að finna erindi, sem framsögumenn á aldrinum 11-15 ára hafa flutt, á þremur málþingum um réttinda- og hagsmunamál barna og unglunga. Málþingin hafa verið haldin í Reykjavík 1995, á Egilsstöðum 1996 og á Akureyri 1997. Hafa ber í huga að erindin voru flutt munnlega úr ræðustól og e.t.v. bera einhver þeirra merki þess - en tökum viljann fyrir verkið.

Í upphafi var orðið. Von mín er sú að orð hinna ungu sem hér birtast verði upphaf tímabærrar umræðu um nauðsynlega viðhorfsbreytingu fullorðinna í garð barna og unglunga hér á landi. Gleymum ekki að börn og unglingar hafa skoðanir og að okkur, hinum fullorðnu, ber að sýna þeim fulla virðingu.

Reykjavík, mars 1998

Pórhildur Líndal

Efnisyfirlit

Málþing umboðsmanns barna í Reykjavík 28. október 1995

- dagskrá málþings í Reykjavík

Eiga börn og unglingar að hafa sérstakan rétt?

Arnaldur Jón Gunnarsson 11 ára

Unglingalýðræði:

Áhrif barna og unglinga á ákvarðanatöku í eigin málefnum.

Kjartan Smári Höskuldsson 15 ára

Unglingar og fjölmiðlar

Hjördís Eva Þórðardóttir 13 ára

Málþing umboðsmanns barna á Egilsstöðum 26. október 1996

- dagskrá málþings á Egilsstöðum

Hvernig líður okkur í dag?

Arnar Birgisson 15 ára og Auður Arna Antonsdóttir 15 ára - Eskifirði

Ef ég mætti ráða í einn dag, þá ...

Rúnar Snær Reynisson 15 ára - Egilsstöðum

Fróðleikskorn til ráðamanna...

Heiðdís Halla Bjarnadóttir 15 ára - Egilsstöðum

Jafnrétti til náms - aðeins á suð-vestur horninu?

Katrín Högnadóttir 14 ára - Fáskrúðsfirði

Nú er ég orðin 16 ára – og hvað svo?

Sandra Birgisdóttir 15 ára - Norðfirði

Málþing umboðsmanns barna á Akureyri 11. október 1997

- dagskrá málþings á Akureyri

Ýmislegt um unglinga

Ebba Særún Brynjarsdóttir 15 ára - Félagsmiðstöðinni Lundarskóla, Akureyri

Sjálfræði

Elsa María Jakobsdóttir 15 ára - Félagsmiðstöðinni á Húsavík

Ef ég mætti ráða

Guðlaugur Magnús Ingason 14 ára - Félagsmiðstöðinni Tunglinu, Ólafsfirði

Horft til framtíðar

Dania Heinesen 14 ára - Félagsmiðstöðinni Síðuskóla, Akureyri

Mitt Ísland í dag

Andrea Víðisdóttir 15 ára - Félagsmiðstöðinni Glerárskóla, Akureyri

Málþing

umboðsmanns barna um málefni barna og ungmenna
haldið 28. október 1995 kl. 13:00-17:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Málþingsstjóri: Guðrún Helgadóttir, rithöfundur.

- 13:00 Umboðsmaður barna, Þórhildur Línar, setur málþingið.
- 13:10 Málþingsstjóri kynnir dagskrána.
- 13:20 **Eiga börn og unglingar að hafa sérstakan rétt?**
Arnaldur Jón Gunnarsson, 11 ára.
- 13:30 **Unglingar og fjölmiðlar**
Hjördís Eva Þórðardóttir, 13 ára.
- 13:40 Hljómsveitin "The big blue" leikur nokkur frumsamin lög.
- 14:00 **Unglingalýðræði: Áhrif barna og unglunga á ákvarðanatöku í eigin málefnum**
Kjartan Smári Höskuldsson, 15 ára.
- 14:10 * **Ég vildi vera nemandi í svona skóla...**
Helga Margrét Skúladóttir, 16 ára.
- 14:20 * **Hve glöð er vor æska - Félagsmiðstöðvar og kostir þess að byggja upp slíka starfsemi**
Gunnar Örn Tynes, 16 ára.
- 14:30 **Dansatriði**
- 14:45 Veitingar í boði borgarstjóra Reykjavíkur.
- 15:10 **Setið fyrir svörum - fyrirspurnir úr sal:**
Friðrik Sóphusson, fjármálaráðherra,
Sigríður Anna Þórðardóttir, form. menntamálanefndar Alþingis,
Siv Friðleifsdóttir, varaform. félagsmálanefndar Alþingis,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarstjóri í Reykjavík,
Bogi Ágústsson, fréttastjóri sjónvarps,
Umsjón: Einar Gylfi Jónsson, sálfræðingur og Sigríður Arnardóttir,
dagskrárgerðarmaður.
- 16:30 Samantekt málþingsstjóra.
- 16:45 Málþingsslit: Forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir.

* Ekki náðist í þessi erindi til birtingar, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Eiga börn og unglingar að hafa sérstakan rétt?

Arnaldur Jón Gunnarsson 11 ára

Forseti Íslands, málþingsstjóri, aðrir gestir.

Ég ætla að ræða um hvort rétt sé að börn njóti sérstakra réttinda umfram fullorðna. Í lýðræðisþjóðfélagi á meirihlutinn að ráða en réttindi minnihlutans skulu tryggð. Á Íslandi eru fullorðnir í meirihluta og af þeim ástæðum þarf að tryggja réttindi barna sem eru í minnihluta. En börn eru ekki einungis í minnihluta. Þau eru einnig minni máttar og þess vegna á að vernda þau sérstaklega.

Á vegum umboðsmanns barna hefur verið gert yfirlit um íslensk lög sem varða réttindi og skyldur barna á ólíkum aldri. Þegar þetta yfirlit er skoðað kemur í ljós að réttindi barna eru tryggð með ýmsu móti. En á móti eru lagðar á þau margvíslegar skyldur. Ég ætla fyrst að nefna ýmsar skyldur sem eru á börn lagðar samkvæmt íslenskum lögum. Öllum á aldrinum 6 - 16 ára er skylt að fara í grunnskóla. Þar eiga börn að hlýða starfsfólki skólans og vera tillitssöm og almennileg við skólasystkin sín. Þau eru skyldug til að mæta hjá skólalækni. Þeim sem eru orðnir 15 ára er skylt að koma fyrir dóm og vera vitni ef þörf er á.

Þar sem börn hafa skyldur af þessu tagi er sanngjarnt að þau hafi einhver réttindi. Sem betur fer eru börnum tryggð mikil réttindi með lögum á Íslandi og með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. En því miður er ekki alltaf farið eftir þessum lögum eða sáttmálanum. Sumir vilja það ekki. Ég veit að til er fólk sem heldur að Barnasáttmálinn skipi foreldrum fyrir hvernig þeir eigi að ala upp börn. En það er rangt. Hann er aðeins til að tryggja börnum í heiminum almenn réttindi. Sum réttindi eru líka því miður ekki alltaf til góðs. Má þar nefna að ef foreldrar eru að skilja og rífast um forræði yfir barni og hvort það eigi að vera hjá móður eða föður á barnið rétt á að segja skoðun sína á málinu. Það getur verið erfitt fyrir barnið að gera upp á milli foreldra sinna, því það vill hvorugt særa. En nú ætla ég að nefna nokkur mikilvæg og góð réttindi sem ég tel að börn eigi að hafa.

Allir óska sér að vera frískir og hressir og þess vegna á að reyna að tryggja heilsu barna sem best. Það er gert með ýmsu móti. Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er sagt að allir eigi rétt á að njóta heilsugæslu og hana fá allir á Íslandi. Á Íslandi er líka bannað að selja börnum og unglungum áfengi og tóbak.

Börn mega ekki vinna hættuleg störf, t.d. við hættulegar vélar. Það er mikilvæg vernd fyrir okkur að metið sé fyrir börn hvað eru hættulegar vélar. Það er til dæmis auðvelt fyrir 10 ára að keyra traktor. En það er sterkt tæki og stundum eru tún brött svo bannað er yngri en 13 ára að stjórna dráttarvélum.

Börn geta ekki unnið fyrir sér en þurfa samt peninga til að geta lifað því föt, matur og húsaskjól kostar alltaf eitthvað. Þess vegna eru foreldrar skyldugir að sjá fyrir börnum sínum. Ef foreldrar eða foreldri eru vond við börn sín og geta alls ekki séð

um þau, eiga börnin rétt á að fara í fóstur og fá lífeyri. Þannig tryggja lögín að börn þurfi ekki að líða skort.

Maður getur orðið býsna niðurdreginn af að lesa um réttindi barna eins og þau eru tryggð í lögum og Barnasáttmálanum. Þar er nefnilega alltaf verið að segja hvernig leysa eigi deilumál og hvernig bregðast skuli við ef börn eru beitt óréttlæti eða ofbeldi. Það er skrítið að svo mikið skuli þurfa að hafa fyrir því að verja börn. Þess þyrfti ekki ef allir væru almennilegir við börn. Og ef til vill værum við ekki hér á þessu málþingi ef allt væri svona einfalt og allir sammála og engin vandamál til að leysa. En það er um leið hægt að gleðjast yfir því, að tekið skuli á vandamálunum með sáttmálum og lögum að að fullorðið fólk skuli vera tilbúið að hlusta á börn, eins og á þessu málþingi.

Ýmislegt þarf að gera til að börn skilji hversu mikilvæg réttindi og skyldur eru. Til dæmis þekktist í skólum hér á landi að haldnir séu sérstakir nemendadagar þar sem nemendur skipuleggja kennslu þann daginn og taka því ábyrgð þar á. Og í sambandi við umhverfisfræðslu hefur komið fram hugmynd um að skólinn fengi úthlutað landsvæði nærri skólanum eða í nágrenni þéttbýlis. Þar geti hver bekkur átt skíka og átt rétt á að ákveða hvernig farið er með skikann og um leið borið ábyrgð á umhverfinu.

Mér finnst þetta góðar hugmyndir og sem flestir skólar ættu að taka þær til athugunar. Það er mikilvægt að börn viti af réttindum sínum og þori að leita til þeirra sem geta aðstoðað þau. Þau verða að vera viss um að fá raunverulega aðstoð.

Mér finnst kannski ekki að það vanti ný réttindi eða ný lög fyrir börn núna. Seinna koma ef til vill ný vandamál sem þarf að bregðast við. Ég held að mikilvægast sé að börn og fullorðnir hjálpist að við að tryggja börnum gott líf samkvæmt réttindum sem íslensk lög og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna segja til um.

Takk fyrir.

Unglingalýðræði:
Áhrif barna og unglínga á ákvarðanatöku
í eigin málefnum
Kjartan Smári Höskuldsson 15 ára

Frú forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, borgarstjóri og ágætu fundargestir.

Ég er hingað kominn til að tala örlítið um hvernig ákvarðanir um unglínga eru teknar án þeirra samþykkis eða vitneskju. Það er nú einu sinni þannig að hver og einn einstaklingur vill helst vera sjálfs sín herra. Þó að það sé auðvitað ekki mögulegt í öllum tilfellum þá finnst okkur alla vega lágmarkið að við séum höfð með í ráðum.

Það segir sig sjálft að enginn maður vill láta eitthvað fólk úti í bæ segja sér hvenær á að koma heim á kvöldin, ef við tökum útivistartímann sem dæmi.

Upp á síðkastið hefur ríkt hálfgerið upplausnarástand í útivistarmálum unglunga á landinu. Um helgar eru unglingar í Reykjavík sem ekki hafa náð 16 ára aldri hirtir í bænum og þeir keyrðir í hið alræmda unglungaathvarf. Þangað skulu svo foreldrar þeirra gera svo vel að sækja þá, hvort sem þeim líkar betur eða verr. Þegar þeir svo mæta á staðinn, nýrifnir upp frá sjónvarpinu, fá þeir skömm í hattinn vegna þess hversu illa þeir hugsa um börnin sín. Þetta er fátíðlegt, því auðvitað eru foreldrar hvers og eins mun betur í stakk búnir að ákveða hvenær unglungurinn þeirra á að koma heim, heldur en fólk sem aldrei hefur hitt unglunginn, hvað þá meira.

Nei, svona getur þetta ekki gengið lengur. Við viljum fá að vera með í að taka ákvarðanir, sem varða okkur sjálf og ég veit að margir foreldrar eru okkur hjartanlega sammála. En það er nú bara einu sinni þannig að alltaf vill heyrast minnst í þeim sem ánægðir eru. Því er hætta á að fólk haldi að allir foreldrar séu sammála þessum nýju útivistarreglum. En svo er aldeilis ekki. Margir foreldrar líta á sig sem fullhæfa einstaklinga til að setja sínum eigin börnum reglur og að sjá til þess að farið sé eftir þeim. Svo mikið er víst að ef ég væri foreldri þætti mér fjandi hart að mér væri ekki treyst betur en svo að setja mínu eigin barni reglur, að beitt væri lögregluvaldi til að koma því heim á kvöldin. Að sjálfstöðu er þörf fyrir einhverjar viðmiðunarreglur en þær verða bara að vera innan skynsamlegra marka svo að foreldrar geti ákveðið hvert fyrir sig hvort þeirra unglungur fari eftir þeim eða þá jafnvel strangari reglum, allt eftir því hversu vel foreldrarnir treysta viðkomandi unglungi.

Aðalmálið er bara að við séum höfð með í ráðum þegar þessar viðmiðunarreglur eru settar, því að auðvitað skiptir það okkur mestu máli hvenær við eigum að koma heim um helgar og eftir böll. En nú segja einhverjir -- böll! Hvað hafa unglingar að gera á böll? Málið er að auðvitað hafa unglingar sömu þörf og annað fólk fyrir að lyfta sér upp öðru hvoru. Aðalpunkturinn er sá að við sættum okkur ekki við það lengur að vera sýknt og heilagt sett á botninn í þjóðfélaginu í þessum málum.

Tökum Akureyri sem dæmi. Í þeim ágæta bæ hefur í gegnum tíðina einn skemmtistaður verið starfræktur fyrir unglunga. Nefnist þessi sómastaður Dynheimar og er hann opinn að meðaltali tvisvar í mánuði. Á dansleikjum í því húsi er algjör rar reglusemi krafist og er öll vímuefnaneysla þar stranglega bönnuð. Þó hafa verið uppi efasemdarraddir um starfsemi þessa staðar og núna síðast fyrir fáeinum vikum voru settar fram tillögur frá Íþrótt- og tólmstundaráði þar í bæ um að leggja niður dansleikjahald fyrir unglunga í húsinu. Rökin fyrir þessum tillögum voru þau, að það væri alveg nóg fyrir unglungana að sækja þau skólaböll sem haldin eru stöku sinnum í grunnskólum bæjarins. En reynið þið nú, áheyrendur góðir, að setja ykkur í okkar spor. Haldið þið að það sé spennandi fyrir okkur að fara á dansleiki í sama húsnæði og við höfum meira og minna haldið til í alla vikuna við stærðfræðiiðkanir og aðra ámóta spennandi hluti? Einhverra hluta vegna get ég alla vega ómögulega séð fyrir mér, okkar ágætu þingmenn fara út á lífið í Alþingishúsinu eða þá öll þau hundruð fiskverkunarfólks í landinu fara á ball innan um flökunarvélar og færribönd með angann af hringormum fyrir vitum sér. Nei, ég held að við getum öll verið sammála um að það myndi enginn sætta sig við.

Það sem ég er að segja er að þó að sumir líti á alla unglunga sem hugmynda-og menningarsnauda letingja er það langt í frá að það sé svo. Þess vegna segi ég nú: Leyfið okkur að vera með í að taka ákvarðanir sem varða okkur sjálf og þá verður vonandi hægt að komast að niðurstöðu sem allir sætta sig við. Takk fyrir.

Unglingar og fjölmiðlar

Hjördís Eva Þórðardóttir 13 ára

Kæri forseti, ráðherra, borgarstjóri og aðrir áheyrendur.

Við erum saman komin hér í dag, til að tala um málefni og réttindi ungs fólks í landinu. Því hefur verið ágætlega unnið að hér á Íslandi, en sambandið milli fjölmiðla og unglunga er bara alls ekki nógu gott. Í fjölmiðlum eru unglingar gerðir að “fjölmiðlaunglingum”. Unglingum sem fjölmiðlar búa til. Þeir reyna að láta okkur líta út sem slæmar manneskjur. Ég held, að ef allir unglingar á Íslandi væru eins slæmir og þeir eru látnir vera, væri samfélag þetta ekki mikilsvert. Það er bara þannig, að ef einn unglundur gerir eitthvað af sér, eru allir unglingar á Íslandi dæmdir. Alveg sama hvað menneskjan gerði. Núna um daginn var Stefán Jón Hafstein með umræðu í þættinum sínum “Almannarómi” um hve miðbærinn væri mikill “skandall” fyrir landið. Allir vita, að hver einn og einasti unglundur vill fá að skemmta sér og að vísu hefur hver og einn sína skoðun á því, hvernig þeim finnst gaman að skemmta sér. Til dæmis finnst sumum gaman að taka vídeóspólu eða að fara í bíó með vinum sínum. Öðrum finnst gaman að drekka sig blindfulla og liggja dauðir á gangstétt einhvers staðar. Það hafa ekki allir alveg sömu steypu skoðanirnar á því hvernig á að skemmta sér, jafnvel þó að sumt væri óheilbrigðara en annað. Þetta sárnaði mér mjög að heyra. Hvernig geta þeir, sem stjórna þessum umræðum, ákveðið þetta?

Unglingarnir væru ábyggilega ekki þarna, ef þeir hefðu einhvern annan stað að skemmta sér á. Því þegar unglingar fara úr grunnskólakerfinu, fá þeir ekki lengur aðgang að félagsmiðstöðvum. Og flestir skemmtistaðir eru lokaðir fyrir þeim uns þeir eru 21 árs gamlir.

Hvert eiga þessir unglingar að fara? Niðri í miðbæ er eini staðurinn til þess að skemmta sér. Auðvitað er alveg fáránlegt, að 12 til 15 ára unglingar fari niður í bæ. Hann er enginn staður fyrir þau á kvöldin. Þótt ég hafi kannski aldrei farið niður í bæ, þá veit ég að þarna eru ekki allir til þess að drekka, unglingar eru þar til þess að skemmta sér. Og flestir sem fremja ódæðisverk niðri í bæ eru menn um 27 ára aldur. Það myndi ég ekki kalla unglunga. Það eru fullorðnir menn, sem eru 27 ára. Það er ekki hægt að nota okkur unglungana lengur sem blóraböggla fullorðna fólksins, til að fela það sem það hefur gert vitlaust. Við erum ekki hér til þess. Það eru ekki bara unglingar niðri í bæ. Það er í stórum mæli fullorðið fólk á aldrinum 21 - 27 ára.

Við þurfum alltaf að fremja eitthvað vont af okkur, til þess að fjölmiðlar hafi áhuga á því hvað við höfum að segja. Þetta slæma, sem sumir gera, er stórfrétt, en hið góða sem við hin gerum, er eitthvað sem þykir ómerkilegra en hitt. Nema í örfáum tilvikum, þegar einhverjar frægar persónur eru því tengdar.

Um daginn heyrði ég dæmi um að unglingar í einum skóla á höfuðborgarsvæðinu héldu listaviku og að þau hefðu unnið hörðum höndum í heila viku. Og svo í lokin átti að sýna afrek þessarar viku og höfðu verið send boð til helstu fjölmiðla á höfuðborgarsvæðinu. Það kom enginn. Seinna um kvöldið kviknaði í ruslatunnu frammi á ganginum. Þá voru fjölmiðlarnir mættir á undan slökkviliðinu. Þetta sýnir hversu “mikill áhugi” er á því góða, sem við gerum. Unglingum er stundum sýndur svo hrottalegur dónaskapur, að ég get varla lýst því, ekki bara af hálfu fjölmiðla, heldur einnig af hálfu ýmissa einstaklinga. Til dæmis þekki ég dæmi um að unglingar voru reknir út úr búð, af því að þeir voru bara að skoða en ekki kaupa.

Við erum vaxandi kynslóð þessa lands og munum stjórna því einhvern tímann. Ég vona að við verðum ekki búin að gleyma þessu þá, svo fólk hugsar, áður en það er ókurteist við unglunga og muni eftir því, að það var einu sinni unglungur. Auðvitað eru ekki allir vondir við okkur. Það væri fullmikið sagt. Það eru tiltölulega fáir, en þetta er svo mikið mál fyrir okkur, að við viljum reyna að fá þetta fólk, sem hefur ekki skilning á okkur, til að hugsa til okkar með öðrum hug, en bara með “fjölmiðlaunglinga” í baksýn. Ég hef eitt ráð fyrir þetta fólk: Hlustið á okkur og sýnið okkur áhuga. Það gæti verið eitthvað vit í því, sem við höfum að segja. Það eina sem við viljum, er að það sé hlustað á okkur. Upp á síðkastið hefur verið mikið unnið að úrbótum, sem kemur okkur unglungum og fullorðnum til góða í að skilja hvort annað betur.

Takk fyrir.

Málþing

umboðsmanns barna um málefni barna og ungmenna í Austurlandskjördæmi
haldið 26. október 1996 kl. 13.30 - 16.30
í Menntaskólanum á Egilsstöðum.

Málþingsstjóri: Sr. Davíð Baldursson, prófastur í Aust-
fjarðarprófastsdæmi.

13:30 Umboðsmaður barna, Þórhildur Líndal, setur málþingið.

Málþingsstjóri kynnir dagskrána.

Ef ég mætti ráða í einn dag, þá ...
Rúnar Snær Reynisson, Egilsstöðum.

Nokkrir fróðleiksmolar til ráðamanna
Heiðdís Halla Bjarnadóttir, Egilsstöðum.

Jafnrétti til náms - aðeins á suð-vestur horninu?
Katrín Högnadóttir, Fáskrúðsfirði.

Söngur og hljóðfærsláttur - Fellabær:

Sigurlaug Jónsdóttir flytur lagið "Það er gott að elska" við undirleik Antoníu Baldursdóttur, sem spilar á píanó og Kristínar Örnú Sigurðardóttur sem spilar á gítar.

Nú er ég orðin 16 ára - og hvað svo?

Sandra Birgisdóttir, Norðfirði.

Umhverfið eins og það mætir okkur

Arnar Birgisson og Auður Arna Antonsdóttir, Eskifirði.

Upplestur úr bókinni "Gauragangur"

eftir Ólaf Hauk Símonarson, 22. kafli.

Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Fellabæ.

Söngatriði - Reyðarfjörður:

Berglind Ósk Guðgeirsdóttir, flytur lögin "Tears in Heaven"

eftir Eric Clapton og "Imagine" eftir John Lennon.

14:45 Veitingar í boði Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

15:10 **Setið fyrir svörum - fyrirspurnir úr sal:**

Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra,

Arnbjörg Sveinsdóttir, alþingismaður,

Arngrímur Blöndahl, bæjarstjóri á Eskifirði,

Þuríður Backman, varaþingmaður, Egilsstöðum,

Helgi Halldórsson, bæjarstjóri Egilsstöðum,

Umsjón: Ágúst Ólafsson, fréttaritari Stöðvar 2.

16:30 Samantekt málþingsstjóra - málþingsslit.

Hvernig líður okkur í dag?

Arnar Birgisson 15 ára og Auður Arna Antonsdóttir 15 ára, Eskifirði.

Komið þið öll sæl og blessuð.

Ég heiti Arnar og þetta er hún Auður og við erum í 10. bekk á Eskifirði. Við vorum beðin um að velja því aðeins fyrir okkur hvernig líður í því umhverfi sem foreldrar, skólinn og allir aðrir skapa okkur, og deila skoðunum okkar með ykkur. Hvað með félagslíf til dæmis, er það nógu gott eða mætti það vera betra? En skólinn, er hann nógu góður? Og hvað með foreldra, vini og alla í kringum okkur, hvað getum við gert til þess að bæta umhverfið og láta okkur líða betur? Hvernig sinnir skólinn hlutverki sínu sem félagsráðgjafi? Er eitthvað þar sem mætti betur fara eða vitum við allt sem við þurfum að vita þegar við förum út í lífið? Og hvernig líður okkur í skólanum? Erum við til dæmis alltaf að reka okkur á hluti eins og ofbeldi eða einelti eða er kannski minna um það en fjölmiðlar vilja meina? Fjölmiðlar gera kannski oft meira úr þessum unglingavanda heldur en hann er í raun og veru. Það er alltaf verið að tala um það að um síðustu helgi hafi svona og svona margir unglingar verið fluttir í

gæsluvarðhald út af drykkju og eiturlyfjum. Á virkum dögum leggst svo meirihluti íslenskra unglunga í að banka í náungann og ergja hina og þessa með einelti... að mati fjölmiðla. Okkur finnst líklega flestum að sú mynd, sem þeir draga upp af unglungum sé alröng, að svona séu hlutirnir ekki. Að meirihluti af unglungum séu, ef svo má segja, eðlilegir. Að aðeins lítill hluti unglunga sé eins og við sjáum þá í sjónvarpi eða lesum um í dagblöðum og þessi hluti geti nú líka verið góður, því enginn er alslæmur.

En af hverju fjalla fjölmiðlar þá minna um allt það góða sem unglingar gera? Sem dæmi má nefna fikniefnaforvarnir, nýsköpun og fleira sem vert væri að nefna. Og af hverju einblína fjölmiðlar á unglunga eins og þeir hegða sér eftir miðnætti í miðbæ Reykjavíkur? Er ekkert hugsað um unglunga svona hversdags í sínu eðlilega umhverfi. Og landsbyggðarunglingarnir, eru þeir eitthvað öðruvísi?

Fyrir utan Reykjavík er kannski minna um að unglingar séu að gera eitthvað sem þeir ættu ekki að vera að gera, kannski vegna þess að við hérna úti á landi getum ekki gert neitt af okkur án þess að einhver bendi á okkur og segi "Það var hann!" því að hér þekkja allir alla, flestir að minnsta kosti. Hér úti á landi höfum við líka ekki sömu aðstöðu og þeir sem búa í Reykjavík til að hanga niðri í miðbæ og paufast á rúntinum með einhverjum fyllibyttum eftir að skemmtistöðunum er lokað. Kannski erum við ekki alveg laus við þetta en við getum líklega verið sammála um að það sé þó minna um það hér úti á landi. Kannski má líka ímynda sér að hér sé félagslífið betra en fyrir sunnan. Sumir segja að þar sé menningin en ég held að við höfum ekkert minni menningu í kringum okkur. Hérna getum við farið í félagsmiðstöðina án þess að hitta einhvern fyrir sem við þekkjum ekki. Líklega liði okkur ekki eins vel ef við sæjum á hverjum degi nýtt andlit og þá þyrði líklega enginn að tala við neinn. En getum við gert eitthvað til að gera félagslífið betra en það er?

Væri til dæmis hægt að bæta samskiptin á milli staðanna? Ætli við yrðum nokkuð til vandræða ef við kæmum öll saman svolítið oft, eins og við gerum á hverju ári á Fjarðaballinu. Það gæti nú orðið svolítið gaman, eða er það ekki? En kannski þurfum við jafn mikið að huga að því að bæta samskiptin á milli hvers annars eins og á milli bæja. Væri það ekki gaman ef að allir gætu hist og skemmt sér saman án þess að einhver væri í fýlu við einhvern annan og þá splundrast allur hópurinn upp í klíkur. Svo vill það oft henda að ekki komast allir í klíkur. Og hvað eiga þeir þá að gera? Sitja heima og horfa fréttirnar með "gamla settinu"? Hvað er hægt að gera svo að allar klíkur og allir hinir geti komið saman og skemmt sér? Hvað mynduð þið gera?

Og hvað með fikniefni? Er ekki nokkuð augljóst að það er miklu minna um að krakkar hér fyrir austan séu byrjuð að reykja og drekka jafnvel um 11 eða 12 ára aldurinn og lítið sem ekkert um fikniefni, allavegana ekki hjá grunnskólakrökkum. Það ætti því að vera auðveldara að ráða við vandamál varðandi þessi efni fyrir okkur heldur en krakkana fyrir sunnan. Hér eru kannski fleiri sem segja við vini sína "Ekki!" heldur en í Reykjavík þar sem maður getur varla farið niður í bæ án þess að einhver komi að manni og bjóði alsælu eða eitthvað þaðan af verra.

Auður Arna:

Hvað getum við gert til að gera umhverfið betra?

Eru ekki allir alltaf að tala um þessa jafningjafræðslu? Mér fannst það nokkuð góður punktur sem ég heyrði um daginn að einhver sagði: "Ekki senda einhverja fertuga karla eða kerlingar í skólana til að tala um fíkniefni og áfengi." Rökin voru þau að þegar þessir karlar og kerlingar koma og tala hefur þetta áhrif á mann í einn, tvo daga og þá er maður búinn að gleyma öllu saman. Það er staðreynd að við hlustum miklu frekar á ungt fólk sem segir frá sinni eigin reynslu. Við sjálf erum líka í betri aðstöðu til að hjálpa jafnöldrum okkar sem lenda í vandræðum heldur en fertugu karlarnir og kerlingarnar. Ef að eitthvert okkar lendir í því að vinur okkar eða vinkona lendir í einhverju rugli erum við ekki góðir vinir nema hjálpa þeirri manneskju út úr vandræðum.

Skólinn á sér líka stóran sess í umhverfi okkar og því hlýtur það að skipta töluverðu máli hvernig okkur líður þar. Hvað getum við til dæmis gert til að gera andrúmsloftið í tímum og frímínútum betra? Í tímum geta til dæmis allir lagt sig fram við að hjálpa öllum og sýna tillitssemi. Þetta hljómar kannski eins og gömul tugga en ef við hugsum svolítið úti það - þá sjáum við að ef að allir eru góðir við alla líður okkur öllum betur. Í skólanum heima heldur umsjónakennari fund, aðra hverja eða í hverri viku þar sem allur bekkurinn getur rætt um allt milli himins og jarðar. T.d. fer mestur tíminn á þessum fundum hjá okkur í að ræða fjáraflanir og félagslíf í skólanum. Á fundunum í fyrra gerði kennarinn okkar ýmislegt til að sameina bekkinn betur og má taka sem dæmi einn lítinn leik sem hann lét okkur fara í. Leikurinn gekk út á það að sá vann sem gat faðmað flesta bekkjarfélaga sína. Svona hlutir geta komið í veg fyrir einelti og ofbeldi því að með þessu verður bekkurinn samrýmdari. Það er líka svolítið í höndum kennarans að ræða um hluti eins og einelti og eru fundirnir kjörinn vettvangur fyrir þær umræður. Á fundunum geta nemendur líka komið fram sínum óskum um hvað mætti betur fara í skóla- og félagslífinu.

Við þurfum líka aðeins að velta því fyrir okkur, hvert og eitt, hvað við getum gert til að bæta umhverfi okkar. En hvernig er annars umhverfið og hvernig líður okkur? Er eitthvað sem er ekki eins og það á að vera eða líður okkur bara vel? Kannski er líka gott aldrei of gott og við getum alltaf gert betur. Þeir sem hafa það gott ættu líka aðeins að hugsa um það hvað þeir geta gert til að hjálpa þeim sem ekki hafa það alltaf jafn gott. Með því að hjálpast að ættum við auðveldlega að geta gert félagslífið, skólann og allt í kringum okkur betra en það er.

En niðurstaða okkar er þó sú að líklega líður flestum unglingum í dag bara ágætlega. Flestir eru ánægðir með lífið eins og það er en auðvitað er alltaf hægt að láta sér líða betur og reyna að láta öðrum líða vel líka.

Það gæti líka verið gaman að heyra ykkar skoðanir því að auðvitað finnst okkur eitt en ykkur annað. Við vonum þess vegna að þið veltið þessu fyrir ykkur og segið ykkar álit.

Þar með þökkum við bara fyrir okkur og gefum Davíð orðið.

Ef ég mætti ráða í einn dag, þá...
Rúnar Snær Reynisson 15 ára - Egilsstöðum.

Ágætu áheyrendur.

Ef einn maður réði öllum heiminum yrði margt betra. Heimurinn gæti þá leyft okkur að njóta lífsins í staðinn fyrir að gera okkur lífið leitt og þá væri hægt að hafa stjórn á honum, eins og hann er, er hann stjórnlaus. Til þess að friður ríkti þyrftu allir að hafa sömu trú eða bara virða trú annarra, - sem væri náttúrulega lang best og einfaldast en það vill enginn snúa sér að betri framtíð heldur horfa á gamlar hefðir. Það viðhorf hef ég aldrei skilið og ég tel að nýjar kynslóðir muni breyta þessu

Okkur, börnum heimsins, hefur verið falið þetta hlutverk. Hingað til hefur okkur ekki gengið nógu vel en til að okkur miði eitthvað áfram þarf róttækar breytingar, og það sem ég nefndi hérna áðan - sameiginleg trú til að gera jörðina að einni fjölskyldu væri góð byrjun. Þá þyrftum við ekki að eyða svona miklum peningum í að búa til vopn, heldur gætum við notað þá til dæmis í að fæða hungraðan heim og hjálpa heimilislausum. Þá gætu líka allir starfað saman að ýmsum markmiðum í staðinn fyrir að keppa hver við annan, hver í sínu horni.

En það yrði hægara sagt en gert að framkvæma allar þessar breytingar. Því ættum við kannski að reyna að breyta einhverju sem stendur okkur nær. Þannig breytingar á Alþingi Íslendinga að sjá um, en eins og núverandi skipulag er verður ekki miklu breytt því það er alltaf einhver eða einhverjir sem eru á móti þeim tillögum sem bornar eru upp. Til dæmis væri hægt að hrinda af stað atvinnubótavinnu handa þeim atvinnulausu þar sem þeir gætu skapað einhver verðmæti í staðinn fyrir að fá borgað fyrir ekki neitt.

Ef þessar breytingar ættu að ná í gegn eftir núverandi skipulagi, yrði stofnuð nefnd sem myndi hittast einu sinni í viku, tvo til þrjá klukkutíma í senn. Eftir nokkra mánuði væri hún tilbúin með uppkast og þá væru þeir í nefndinni búnir að fá borgaða dágóða upphæð fyrir sitt framtak. Þannig að mér finnst að það ættu að vera færri á þingi sem eru sammála um hlutina, því að það er ekki hægt að stjórna landinu ef margir með ólíkar skoðanir eiga að sitja þar og rífast. Það geta ekki allir stjórnað. (Án þess að ég sé að setja út á lýðræðið).

Unglingar og jafnvel börn hafa oft skoðanir á svona hlutum, en það er ekki oft hlustað á okkur. Því ætti ekki að vera til Ungmennalistinn alveg eins og Kvemnalistinn, sem myndi berjast fyrir rétti unglunga til dæmis til að kjósa.

Einu sinni máttu konur ekki kjósa en það breyttist. Mér finnst að unglingar sem oft hafa pólitískar skoðanir, ættu að fá að kjósa - sem sagt - lækka kosningaaldurinn niður í 16 ár. Við eigum líka rétt á að segja eitthvað - það erum við sem eigum eftir að borga skuldirnar sem þjóðin er að safna. En það eru ekki allir 16 og 17 ára unglingar sem væru tilbúnir til þess og er þetta gott dæmi um hvernig aldurinn er látinn ráða þó hann segi ekkert til um þroska.

Unglingum er misboðið að því leyti að þeir sem þroskast fljótt þurfa að sætta sig við reglur sem settar eru fyrir meðalunglinginn og þeir sem eru seinþroska fá að gera ýmsa hluti of snemma sem að hvorki þeir né aðrir hafa gott af. Því væri í rauninni réttast að leggja fyrir börn og unglunga á vissum aldursstigum þroskaþróf, sem myndi mæla hvort að viðkomandi væri reiðubúinn til dæmis, að vera lengi úti, taka bílþróf, kaupa áfengi og taka afleiðingum gjörða sinna, sem væri gott til dæmis að því leyti að

oft fá ungir menn bílpróf áður en þeir eru tilbúnir til þess og hljóttast oft af því alvarleg slys.

Útivistarreglur eru einar af þeim hömlum sem unglingar þurfa að sætta sig við. Hér á Egilsstöðum gilda næstum því sömu útivistarreglur og í Reykjavík. Mér finnst fáránlegt að líkja 1600 manna samfélagi, þar sem allir þekkja alla við 130- 140.000 manna samfélag, þar sem glæpum fer stöðugt fjölgandi, því ættu að vera gerólíkar reglur hér en í Reykjavík. Það eru líka sömu útivistarreglur fyrir 12 og 15 ára unglunga þó að þar sé oft mikill þroskamunur.

Margir glæpir orsakast af drykkju og eituryfjanothkun unglunga og virðast mörkin alltaf vera að færast neðar og því yngri sem þeir byrja að drekka því meiri líkur eru á því að þeir fari út í harða neyslu. En hvar fá unglingarnir allar þessar hugmyndir um ofbeldi og aðra glæpi nema úr kvikmyndum og tölvuleikjum. Það eru hvorki meira né minna en engin lög á Íslandi um ofbeldi og klám í tölvuleikjum þó að innlifunin í þeim sé mun meiri en í bíómyndunum.

Í öllum þessum tilvikum væri hægt að nota þroskaprófið til að skera úr um hvort að unglingurinn sé tilbúinn til að horfa á vissar gerðir kvikmynda, spila vissar gerðir tölvuleikja og hve lengi hann má vera úti, en eins og þetta er nú fá þeir sem eru seinþoska að sjá og lifa sig inni ýmsa hluti sem þeir ættu heldur að láta ógert. Við verðum að reyna að taka á umhverfismálum áður en að það verður um seinan. Við verðum að halda áfram að stöðva eyðingu á ósonlaginu, losa okkur við eittraðan úrgang á vistvænan hátt, minnka gróðurhúsaáhrifin og vernda dýr í útrýmingarhættu. Við ungmennin þurfum nefnilega að taka við landinu frá fráfarandi kynslóð og eins og hún og hinar á undan henni hafa skilið við það, viljum við ekki rétta það áfram til komandi kynslóða.

Takk fyrir.

Fróðleikskorn til ráðamanna...

Heiðís Halla Bjarnadóttir 15 ára - Egilsstöðum

Góðir áheyrendur.

Viðhorf til unglunga.

Persónulega finnst mér viðhorf til unglunga afar slæmt. Ef við tökum fjölmiðlana sem dæmi þá hafa þeir mikla stjórn á samfélaginu og það sem þeir segja er lang oftast tekið gott og gilt. Þegar fjallað er um unglunga í fjölmiðlum þá er það ofast á neikvæðan hátt. Fréttamenn eru fljótir á staðinn ef það er fyllirí niðri í bæ, en hafa engan áhuga á því góða sem unglingar eru að gera. T.d. í vor, þegar skólinn var að verða búinn, þá töluðu fjölmiðlarnir ekki um annað en að það yrði fyllirí niðri í bæ, þar sem unglingar væru að fagna skólaslitum. Það mætti eiga von á miklum látum þar sem saman væri kominn svona stór hópur af unglungum. En - einhverjir sniðugir menn tóku upp á því að fara með unglungana burt með bekknum sínum að skemmta sér. Sá partur fannst mér mjög jákvæður, en fjölmiðlum tókst að breyta þessu í neikvæða umræðu með því að segja að nafnalistarnir fyrir ferðirnar væru allt að því

tómir sums staðar og krakkarnir væru þegar farnir að drekka. Það sem þeir gerðu hins vegar ekki, var að fara og tala við krakkana sem voru að fara í þessar ferðir um það hvert þau væru að fara og hvað þau væru að fara að gera. En það rættist úr þessu öllu, þegar fram kom í fréttunum næsta kvöld að bærinn hafi bara verið rólegur og krakkarnir hefðu flest farið heim um kl. þrjú, en þá hefðu hin fullorðnu farið að koma út af skemmtistöðunum og það hefðu verið þau, sem látið höfðu öllum illum látum.

Eins og ég minntist á áðan, hafa fjölmiðlarnir mikil áhrif á landann og ef þeir sýndu frá ýmsum menningarviðburðum okkar unglingsanna og það jafnvel þótt það sé úti á landi og töluðu ekki um okkur eins og villidýr, þá er ég viss um að viðhorf fólksins í landinu myndu breytast töluvert og það myndi gera okkur öllum mikinn greiða að þið mynduð sýna okkur og okkar verkum aðeins meiri virðingu, því það eru ekki allir unglingsar sem eiga við hegðunar- og drykkjuvandamál að stríða, þótt það séu sumir sem glími við þau vandamál.

Unglingaveiki.

Unglingaveiki verður alltaf til staðar hjá unglingsum, en er unglingsaveiki svo alvarleg? Eru unglingsar alltaf neikvæðir og í fýlu og höfum við ekki áhuga á öðru en skemmtunum, hinu kyninu og að gera það sem ekki má?

Á hverju ári eru gefnir út 100 bæklingar og bækur um unglingsaveiki og hvað sé hægt að gera við henni. Unglingarnir vita vel af þessum bæklingum og sumir hugsa jafnvel: **Ég er unglingsur og ég má vera í fýlu.** Í þessum bæklingum er alhæft að allir unglingsar geri hlutina svona og svona. En ef við hugsum þetta í víðtækari merkingu langar mig að vita: Hvað er unglingsaveiki? Hverjir eru með unglingsaveiki? Er unglingsaveiki sjúkdómur eða er hún einhvers konar nafn yfir það, þegar unglingsar fara að vilja vera sjálfstæðir og óháðir foreldrunum. Er hún kannski veiki hjá foreldrunum sem ekki vilja viðurkenna að barnið sitt sé að verða sjálfstæður einstaklingur, heldur vilja hafa unglingsinn ennþá litla barnið sitt og segja að unglingsurinn sé ekki nógu þroskaður einstaklingur til þess að taka afleiðingum gerða sinna. En er þetta yfirleitt sjúkdómur? Ég held ekki. Ég vil meina að það séu hinir svokölluðu sérfræðingar sem búa til bæklingana sem vilji meina að þetta sé sjúkdómur sem sé bundinn við þennan aldur. Þessir bæklingar skapa oft spennu hjá foreldrum.

Ætli foreldrar séu nógu jákvæðir gagnvart unglingsum og viti hvað þeir séu að yfirleitt að gera. Jú, ég held að í flestum tilfellum séu þeir jákvæðir gagnvart því, en ég veit um algengt vandamál sem foreldrar og unglingsar eru hvorugir sáttir við og það eru útivistarreglurnar. Börnum og unglingsum finnst útivistartíminn of stuttur og þeir foreldrar sem vilja halda útivistartímanum lenda oftast í rifrildi við krakkana. Hver kannast ekki við setninguna „**en hinir mega**”.

Í fyrsta lagi finnst mér útivistartíminn of stuttur og það að 12 ára krakkar lúti sömu reglum og 8 ára börn er mjög ósanngjarnt. Gott væri að hækka útivistartíma 14-16 ára um einn klukkutíma, en það leysir náttúrulega ekki nema 1/4 af vandamálinu, því alltaf eru einhverjir foreldrar sem ekki halda reglu á útivistartíma barna sinna og leyfa þeim bara að vera úti eins og þau vilja á meðan aðrir krakkar mega ekki vera úti.

Þá er aðallega um þrennt að ræða:

1. Ekki mismuna aldurshópum með reglum.
2. Lengja ögn útivistartíma.
3. Sleppa öllum reglum.

Skólinn.

Mest af tíma unglinga á veturna fer í skóla og lærdóm. Í 10. bekk er mjög mikið að gera. Allur veturinn fer í það að undirbúa samræmu prófin. Kennararnir tala um þau allan veturinn og eru alltaf að reka á eftir okkur, þó við séum ekki á eftir. Við það myndast pressa sem situr á manni allan veturinn. Til viðbótar við skólann hafa flestir krakkarnir önnur áhugamál, s.s. tónskóla og íþróttir. Í rauninni ættu allir að hafa nóg að gera. En samt segja krakkarnir að það sé ekkert að gera. Að sumu leyti er það nú okkur sjálfum að kenna. Það er alltaf hægt að gera eitthvað, t.d. spila, fara út, fara í félagsmiðstöðina o.s.frv. En þegar við komust í gang og ætlum að fara að gera eitthvað, þá rekum við okkur á það að allt kostar peninga. T.d. sund, bíó, nammi og vídeospóla, svo eitthvað sé nefnt. En hvar fáum við peningana? Hjá foreldrum eða okkur sjálfum með þeim peningum sem við vinnum okkur inn á sumrin. Flestir á mínum aldri eru í unglingsvinnu, en ekki er kaupið svo hátt að það endist allan veturinn. Þeir sem eru heppnir, komast í betur launaða vinnu og þess vegna finnst mér algjört bull að stytta sumarfríið, því við þurfum á þessum peningum að halda. Allt í þessu þjóðfélagi kostar peninga- alltof mikla peninga. Tökum sem dæmi, stuttur kjóll í tískubúð í Reykjavík kostar 8000 kr. og þröng peysa úr gerviefni 5000 kr. en unglingar vilja tolla í tískunni og falla inn í hópinn. Búðirnar geta því hækkað tiskuvörur upp úr öllu valdi, því þær geta nánast treyst því að vörurnar verða keyptar. Núna er í tisku Art skór, verðið á þeim er aðeins 13.900 kr. - er það svo mikið?

Reykingar.

Mér finnst að reykingar hafi aukist um helming frá því fyrir tveimur árum. Kannski er það aldurinn, en ég hef tekið eftir því, að fræðsla hefur minnkað og því byrja allir aftur. Það er ekki svo voðalega erfitt að kaupa sígarettur. Í sumum búðum er reglum framfylgt en annars staðar ekki. Finnst ykkur ekki skrítið að krakkar megi ekki kaupa sígarettur fyrr en þau verða 18 ára þó þau verði sjálfráða 16 ára - hvar er samhengið hér á milli?

Áfengi.

Áfengisvandamál á Íslandi er ofboðslega algengt. Krakkar alveg niður í 7. bekk eru byrjaðir að drekka og ekkert við því vandamáli að gera eða hvað? Kannski fræðsla eða jafnvel foreldrafræðsla gæti hjálpað. Ég tel að það ætti að ræða áfengis- og fíkniefnavandamál við foreldrana aðallega svo þau hafi einhverja hugmynd um hvað málið snýst. Ég verð nú að koma því á framfæri, að það er ekki erfitt að redda sér víni á Íslandi. Stóru krakkarnir, systkini og jafnvel foreldrar kaupa áfengi handa krökkum. Mér finnst í lagi að drekka, svo framarlega sem það er gert í hófi en stefnan á Íslandi virðist vera sú að drekka sig dauðan og æla, sem er alveg ákaflega fjaránlegt sjónarmið. Það þarf að kenna Íslendingum að drekka, sérstaklega fullorðna fólkinu, því eru það ekki þau sem við eigum að taka til fyrirmyndar?

Fíkniefni.

Fíkniefni er afar alvarlegt vandamál á Íslandi í dag. Margir unglingar hafa prófað fíkniefni, þó þeir séu ekki búnir með grunnskóla og í menntaskóla eru ennþá fleiri að bætast í þennan hóp. Ég tel að þetta byrji í flestum tilfellum eftir fyllirí, því það er afar sjaldgæft að fólk prófi fíkniefni á undan víni. Allir á Íslandi vita, að fíkniefnin eru alls staðar í kringum okkur og það er létt að ná í þau og þetta er hræðileg gildra fyrir hvern ungling sem langar að skreppa í stutta ferð frá raunveruleikanum. Mér finnst að fullorðnir á Íslandi viti ekkert hvað þeir eigi að gera í sambandi við fíkniefnavandann - sem er kannski skiljanlegt. En það lítur út fyrir að það eigi ekki að gera neitt í málinu því ennþá hef ég ekki séð nein dæmi um fræðslu í skólanum. Það lítur út fyrir að fullorðna fólkið ætli bara að rífast um hvað skuli gera. Þið rífast um stofnanir, vandann sjálfan og einhverjar tölur í þessu sambandi og á meðan þið getið verið að bæta hlutina, látið þið okkur horfa upp á þetta úrræðaleyfi.

Það sem ég tel réttast í þessu máli er að hætta að rífast um hlutina og byrja strax með mikla fræðslu í grunnskólum alls staðar á landinu. Þessi fræðsla skal ekki vera endalaust þvaður um að þetta megi ekki og hvað gæti gerst, heldur segja okkur hvað er í dópi og hvaða áhrif þau hafa og segja frá því sem hent hefur aðra unglunga sem byrjuðu og enduðu í rugli. Setja þarf strax upp stofnanir eða heimili, þar sem einungis fíkniefnaneytendur eru, en ekki alkóhólistar undir sama þaki og passa upp á að þær séu starfræktar - ekki bara opnaðar og síðan lagðar niður eftir nokkur ár. Ekki má skera niður fjármagn til þessara heimila, því þeirra er þörf. Munið að hafa fræðslu í öllum skólum á landinu á hverju einasta ári, jafnvel á hverri önn og ekki hætta fræðslu, þótt fíkniefnaneyslan sé útdauð, því þetta vandamál kemur upp um leið og fræðslan er ekki fyrir hendi.

Mér finnst mjög jákvætt að haldin séu málþing, þar sem unglingar fá tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Og ef við tökum höndum saman, hlustum á hvert annað, þá er vonandi hægt að ráða bót á málunum með tímanum.

Takk fyrir.

Jafnrétti til náms
- aðeins á suð-vestur horninu?
Katrín Högnadóttir 14 ára -Fáskrúðsfirði.

Góðir gestir.

Við í 9. og 10 bekk Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar skrifum þetta fyrir hönd Æskulýðsmiðstöðvarinnar á Fáskrúðsfirði og við ætlum að byrja á því að þakka fyrir að fá að koma málefnum okkar á framfæri.

Það sem okkur er ofarlega í huga er námsefnið, t.d. er danskan mörgum okkar ráðgáta. Okkur finnst að við ættum að fá að velja á milli Norðurlandamála, því að í dag er einungis krökkum sem hafa búið eigi skemur en eitt ár á Norðurlöndunum boðið upp á annað en dönsku. Svo finnst okkur að meira samræmi mætti vera á milli tungumála, t.d. erum við að læra sum málfræðiatríðin í ensku á undan íslenskunni. Og talað er um að námsefnið sé samræmt yfir allt landið en reyndin er önnur, því að

krakkar hafa þurft að upplifa að koma úr einu námsefni í allt annað í sama bekk. t.d. var einn nemandi í skólanum heima í 6.bekk sem lærði dönsku þann vetur og flutti síðan burt í eitt ár og lærði nákvæmlega sama námsefnið aftur þar. Og var þar með 2 ár á byrjunarstigi í dönsku.

Síðastliðin ár hefur falltíðni í samræmdum prófum verið mikil. Er vandinn sá að allir krakkar eru svona vitlausir eða liggur vandinn annars staðar, t.d. í ómenntuðum kennurum ár eftir ár. Tökum sem dæmi 10. bekkina sem taka samræmdu prófin í ár. Okkur finnst ekki að hægt sé að bjóða þeim upp á sömu próf, þar sem þeir hafa ekki sömu kennslu og aðrir sem hafa sprenglærða kennara. Þess vegna finnst okkur full ástæða til að kvíða því hvað bíður okkar er við komum í framhaldsskóla, bæði varðandi menntun og kostnað. Á þessum grundvelli vantar jafnrétti til náms.

Það er talað um einelti í skólum og að börn leggi önnur börn í einelti en **ALDREI** er talað um þegar kennarar taka börn fyrir. Það er oft sem kennarar dæma nemendur t.d. eftir atvinnu foreldra eða hvernig þeim gengur í skólanum. Sem dæmi: Nemandi sem gengur illa í námi, á erfitt með að aðhafast innan skólastofunnar vegna þess að kennari sinnir honum ekki. Á meðan er einhver annar krakki í uppáhaldi hjá kennaranum vegna þess að hann á auðveldara með að læra.

Okkur er sagt að bera virðingu fyrir kennaranum, sem er sjálfsagt, en það er stundum mjög erfitt ef sú virðing er ekki gagnkvæm. T.d. finnst okkur ekki sanngjarnt að kennarar geti leyft sér að segja nemendum að þegja með alvarlegum hætti, auðvitað eiga þeir að hafa stjórn á bekknum, en þeir verða að geta stjórnað skapi sínu. Er ekki oft sagt: Komdu fram við aðra, eins og þú vilt láta koma fram við þig.

Okkur finnst alveg vanta valgreinar, s.s. málmsmíði, eðlisfræði, veðurfræði, efnafræði og tónmennt. Þetta fá margir krakkar á stærri stöðum. Við þurfum að líða fyrir það að búa úti á landi, þar sem er mikil takmörkum á kennslu. Einnig er mikið plássleysi í skólum, t.d. eru 10. bekkingar, 12 talsins, í pínulítilli stofu, sem er ca. 20 fermetrar með tveimur litlum lausafögum og vífta er engin, þannig að loftræsting er léleg. Okkur langar að fá setustofu, þar sem nemendur geta hittst í frímínútum og þótt hægt sé að nota skólastofur finnst okkur mjög gott ef við getum breytt um umhverfi. Þetta finnst okkur að ætti að vera í öllum skólum.

Skóla virðist vanta fjármagn, því að mjög skortir tæki til náms og tölvur eru úreltar. Krakkar þurfa að kaupa allt sjálfir s.s. blöð og orðabækur, þótt það standi í grunnskólalögum að nemendur eigi ekki að þurfa að leggja neitt til í skyldufögunum. Talandi um kostnað. Kennurum er vorkunn, því þeir fá ekki nógu góða vinnuástöðu vegna þess að skólinn fær ekki nægt fjármagn til að betrubæta hana. Það þykir okkur ekki nógu gott. Einnig er slyshætta mikil í mörgum skólum hvað varðar t.d. hurðir og gólfefni. En - skólinn er ekki alslæmur. Allir kennarar hafa sínar góðu hliðar eins og allir nemendur en kannski skortir skilning milli kennara og nemenda.

Við þökkum kærlega fyrir hönd Æskulýðsmiðstöðvarinnar á Fáskrúðsfirði.

Takk fyrir.

Nú er ég orðin 16 ára - og hvað svo?

Sandra Birgisdóttir 15 ára , Norðfirði.

Ágætu málþingsgestir.

Ég heiti Sandra Birgisdóttir og umræðuefni mitt er félagslegt aðstöðuleysi 16-17 ára unglunga.

Nú er það svo að 16 og 17 ára unglingar fá ekki aðgang að félagsmiðstöðvunum og er það miður, þar sem þessi aldurshópur er vanur að geta komið saman í þeim á kvöldin yfir vetrartímann. Það er nánast ekkert fyrir þennan aldurshóp gert félagslega og tel ég það geta verið ástæðuna fyrir því rótleysi sem fylgir þessum aldri. Einstaka dansleikir eru haldnir fyrir þennan hóp en þeir eru sárafáir og fullnægja engan veginn hinni félagslegu þörf, þar sem dansleikir eru að sjálfsögðu aðeins haldnir um helgar og það eru jú sjö dagar í einni viku og fólk á þessum aldri leggst ekki í dvala á virkum dögum. Þessi aldurshópur þarfnast félagslífs, þar sem tómarúm myndast eftir að hafa notið þess sem félagsmiðstöðvarnar hafa upp á að bjóða frá 13 ára aldri.

Íþróttaaðstaða er sums staðar í boði, en þegar komið er á þennan aldur er einungis miðað við keppnisíþróttir og eru þá aðeins fáir útvaldir, þannig að það er ekki fyrir alla. Erfitt er fyrir unglingahópa að fá tíma í íþróttahúsum á kvöldin þar sem þau eru fullbókuð fyrir fullorðna. Vilji einstaklingur í þessum aldurshópi hafa félagsskap af jafnöldrum sínum, er fátt sem hann getur gert dags daglega annað en að fara niður í bæ og ráfa um göturnar. Það getur verið ágætt nokkrum sinnum, en fljótlega verður það tilbreytingalítið og leiðigjarnt.

Þegar svo er komið er stutt í að viðkomandi fari að leita að tilbreytingu og þar sem fátt jákvætt er í boði, er hætta á að það neikvæða sé valið, þ.e. fikt við einhver vímuefni. Þetta er staðreynd og ætla ég ekki að tíunda hana nánar. Gatan bíður!!

Er mögulegt að Tómsundaráð geti staðið fyrir og rekið félagsmiðstöð fyrir 16 og 17 ára, í samráði við þennan aldurshóp? Er mögulegt að þessum aldurshópi verði boðið uppá tíma að kvöldlagi í íþróttahúsum? Eitt er víst og það er að ef engin breyting verður á núverandi ástandi má ganga að því sem vísu að það er aðeins gatan sem bíður.

Takk fyrir.

Málþing

umboðsmanns barna um málefni barna og ungmenna í Norðurlandskjördæmi eystra haldið

11. október 1997 kl. 13.30 - 16.30 í Menntaskólanum á Akureyri.

Málþingsstjóri: Tryggvi Gíslason, skólameistari.

13:30 Umboðsmaður barna, Þórhildur Líndal, setur málþingið.

13:40 Málþingsstjóri kynnir dagskrána.

Ýmislegt um unglina

Ebba Særún Brynjarsdóttir, Félagsmiðstöðinni Lundarskóla, Akureyri.

Sjálfræði

Elsa María Jakobsdóttir, Félagsmiðstöðinni á Húsavík.

Tónlistaratriði

Friðrik Hjörleifsson, Félagsmiðstöðinni á Dalvík.

Ef ég mætti ráða

Guðlaugur Magnússon, Félagsmiðstöðinni Tunglinu, Ólafsfirði.

Horft til framtíðar

Dania Heinesen, Félagsmiðstöðinni Síðuskóla, Akureyri.

Mitt Ísland í dag

Andrea Víðisdóttir, Félagsmiðstöðinni á Dalvík.

Þolfimiatriði

Anna Margrét Ólafsdóttir, Félagsmiðstöðinni Glerárskóla, Akureyri.

14:45 **Veitingar í boði Eyþings**, sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.

Umsjón: Nemendafélag Menntaskólans á Akureyri.

15:10 **Setið fyrir svörum - fyrirspurnir barna og unglina úr sal:**

Guðmundur Bjarnason, umhverfis- og landbúnaðarráðherra,
Kristín Sigfúsdóttir, formaður áfengis- og vímuvarnanefndar

Akureyrar,

Halldór Blöndal, samgönguráðherra,
Sigfríður Þorsteinsdóttir, formaður Eyþings,
Einar Njálsson, bæjarstjóri á Húsavík,
Umsjón: Stefán Jón Hafstein, ritstjóri Dags.

16:30 Samantekt málþingsstjóra - málþingsslit.

Ýmislegt um unglina

Ebba Særún Brynjarsdóttir 15 ára, félagsmiðstöðinni Lundarskóla,
Akureyri.

Ráðherrar, umboðsmaður barna, skólameistari og aðrir gestir.

Unglingar. Hvað er nú það? Bráðþroska börn eða seinþroska fullorðnir einstaklingar. Ófermd eða nýfermd, jafnvel í mörg ár. Börn, þegar við gerum eitthvað sem við eigum ekki að gera, fullorðin þegar við erum látin gera eitthvað sem að við viljum ekki gera. Svona mætti lengi telja. En eitt eigum við þó öll sameiginlegt, við erum framtíð þessa lands og sem betur fer flest okkar með þann draum að verða eitthvað. En til þess að við getum orðið eitthvað þarf líka að búa svo í haginn fyrir okkur að þetta eitthvað geti orðið að veruleika.

Af mörgu er að taka þegar tala á um unglínga. Ég ætla að byrja á skólakerfinu sem að mér finnst jú að mörgu leyti ágætt, en eitt vil ég þó sérstaklega nefna sem mér finnst ábótavant. Það þarf að leggja miklu meira upp úr hinum verklega þætti, þannig að verklegt nám gefi meira. Það eru svo margir sem einfaldlega eiga erfitt með það að læra á bókina en gætu orðið afbragðs handverksmenn á ýmsum sviðum og því þykir mér það ári hart að þessir einstaklingar þurfi kannski að flosna upp úr skóla! Finnst ykkur það ekki líka?

Hvað íþróttir varðar er það að segja að öllum er hollt og gott að stunda reglubundna hreyfingu. Börn og unglíngar eru hvattir til að stunda íþróttir og foreldrar hvattir til að styðja þau til þess. Jafnvel er talið að með ástundun íþróttanna megi koma í veg fyrir að unglíngar leiðist út í allskyns vitleysu t.d. eiturlyfjaneyslu, sem í mörgum tilfellum er rétt, en þegar íþróttaiðkun barna og unglínga er orðin svo dýr að það er orðin byrði á fjölskyldunni, þá finnst mér ekki alveg fara saman forvarnarstarfið sem íþróttirnar geta flokkast undir og góðu og jákvæðu hliðarnar sem þetta á að stuðla að. Þess vegna geta mörg börn og unglíngar ekki stundað þessar venjulegu keppnisíþróttir sem eru vinsælar. Foreldrarnir hafa einfaldlega ekki efni á því og eru það nú rétt viðhorf að hvetja fólk til þess sem pyngjan alls ekki leyfir, ég spyr? Ásetningur er góður en það er alls ekki nóg og er þetta ekki einmitt eitt af því fyrsta sem skorið er niður á heimilinu?

Þá er það skemmtanalífið “okkar”. Hvar eigum við unglíngarnir á aldrinum 13 - 15 ára að skemmta okkur? Því er auðsvarað að minnsta kosti hér á Akureyri, í miðbænum eða í heimahúsum. Við erum ekki vaxin upp í Dynheima sem nú er orðinn 16 - 18 ára staður. En við skemmtum okkur nú samt hvað sem hver segir. Er ekki þörf, “mikil þörf” fyrir afdrepp handa okkur, því hver vill lána húsið sitt og hvað býður miðbærinn upp á? Við höngum ekki bara heima og horfum á sjónvarpið eins og við ættum að gera a.m.k. ekki nema lítill hluti af okkur. Og svo fáum við á okkur óorð fyrir ólæti þegar við leggjum undir okkur aðalskemmtistaðinn okkar “MIÐBÆINN”. Ráðamenn kvarta og kveina en enginn gerir neitt í málinu.

Tengt skemmtanalífinu er svo drykkja og eiturlyfjaneysla sem alltof mikið er af. Það er stundum sagt að það sé auðveldara að ná sér í dóp en dreytil. Einhvern veginn hlýtur að mega koma í veg fyrir að öll þessi eiturlyf “flæði” inn í landið. Það kostar að sjálfsögðu peninga en hlýtur að skila sér í gróða ef hægt væri að sporna við þessu, því eins og allir vita eru hörmungar eiturlyfjaneyslu miklar og sárar og hafa lagt fjölda fólks af velli eins og ólæknandi sjúkdómur, sem er þó ekki eins, því þennan sjúkdóm getur þú valið um hvort þú færð eða ekki. En forvitnin og hversu auðvelt er að verða sér úti um dóp verður mörgum unglíngnum að falli, þó svo að hann ætli bara að prófa einu sinni. Mundu bara ef vinur þinn býður þér eiturlyf þá er hann ekki vinur í raun.

Reykingar hafa aukist verulega aftur hjá krökkum á aldrinum 13 - 16 ára eftir að hafa minnkað um tíma. Maður sér pínulitla krakka að reykja “afhverju”? Hver sem er getur náð sér í tóbak og hvar sem er. Unglingar halda að þetta sé töff, en það er hinn mesti misskilningur að mínu mati. Fólk fær gula putta, lyktar illa og verður andfúlt. Hver sækist eftir því? Unglingar verða fljótt háðir reykingum og er það nikótíninu mest að kenna. Nikótínið veldur örvun í úttaugakerfinu og nýrnahettunum, einnig verkar það illa á miðtaugakerfið. Í hreinu formi er nikótín vökvi og er með því eitradasta efni sem fyrir finnst. Lungnakrabbamein er einn af þeim mörgu kvillum sem hægt er að rekja til beinna jafnt sem óbeinna reykinga. Ekki er gott að vera fórnarlamb óbeinna reykinga. Þeir sem eru langdvölum í návist reykingamanna skaða öndunarhæfileika sína um 5 - 15%. Margir af mínum nánustu hafa reykt í kringum mig og ég þoli ekki lyktina og óþverrann í kringum þetta. Ég veit það allavegana að ég mun aldrei byrja á þessum óþverra. Foreldrar ættu að vera mikið strangari við börnin sín í sambandi við reykingar. Fá að lykta af þeim en auðvitað tekst þeim að ljúga sig út úr öllu. Þau segja að “Siggi” hafi verið að reykja eða að þau hafi verið heima hjá Jóni og mamma og pabbi hans reyki. Auðvitað trúa foreldrarnir sínu barni. Reykingafólk getur haft mikla vanlíðan t.d. svima og þreytu. Í munnum á okkur eru mörg lífkerfi sem skaðast af völdum tóbaks. Einnig skaðast tennurnar og fyrr eða síðar kemur sá dagur að reykingafólk er farið að leita eftir brúnum eða hvítum blettum út um allan munn. Maður á aldrei að byrja að reykja ef maður vill geta brosað fallega til allra að eilífu.

Svo eru það reglurnar t.d. útvistarreglurnar. Þær finnst mér vera alveg út í hött. Ég get líka lofað því að það fara í mesta lagi 30% foreldra eftir þeim. Krakkar undir 16 ára aldri eiga að vera komnir heim á miðnætti um helgar annars tekur lögreglan þá. “Verði þeim að góðu”. Því fleiri sem reglurnar verða því pirraðari verðum við unglíngarnir og viljum brjóta meira af okkur. Sumum unglíngum finnst bara svalt að láta taka sig af lögreglunni. Að mínu mati ættu útvistarreglur bara að vera ákvörðun milli unglíngs og foreldris. Því það eru ekki allir með sama þroska hvorki andlega né líkamlega. Fullorðna fólkið getur líka kennt sjálfu sér um að ungt fólk sé byrjað að reykja og drekka, þó félagsskapurinn skipti miklu máli líka. Ég meina hvar sjáum við þetta? Hjá fullorðna fólkinu.... Við sjáum “stóra” fólkið skemmta sér svo vel með áfengi um hönd og auðvitað langar okkur til að prófa og það sama gildir um tóbak. Lífið er bara svona og því miður verður þessu örugglega aldrei breytt, þótt viljinn sé mikill. Mér finnst að foreldrar ættu að hugsa tilbaka og spyrja sjálfa sig “hvernig var ég”?

Mín skoðun er sú að flest allt fari eftir líkamlegum og andlegum þroska hvers og eins. Því það eru ekki allir eins, sem betur fer. Þó einhverjir 5 geri eitthvað af sér þá þýðir það ekki að næstu 50 geri það líka?
Eða hvað?

HVE GLÖÐ ER VOR ÆSKA.

Takk fyrir.

Sjálfraði

Elsa María Jakobsdóttir 15 ára, Félagsmiðstöðinni á Húsavík.

Kæra samkoma!

Við í nemendaráði Borgarhólsskóla og Keldunnar á Húsavík, höfum mikið verið að velta sjálfræðisaldrinum fyrir okkur eins og aðrir unglingar hafa vafalaust gert. Þess vegna datt mér í hug að taka þetta mál til umfjöllunar. En hvað er sjálfræði og hvað er að vera sjálfráður? Ég fletti upp í íslenskri orðabók og þar stóð: **Sjálfráður**: sá sem ræður sér sjálfur, frjáls ferða sinna og athafna. **Sjálfræði**: það að vera sjálfráða, að ráða sjálfur sínum málum og sjálfsaflafé. Frá síðastliðnu vori þegar sú ákvörðun var tekin af okkar háttvirtu þingmönnum að hækka sjálfræðisaldurinn úr 16 árum upp í 18 ár, hefur þetta mál verið mikið í umræðunni. En það sem við höfum aðallega verið að velta okkur upp úr, er hvort þetta sé í raun og veru nauðsynlegt? Skiptir þetta einhverju máli? Og hverja skiptir þetta þá máli?

Núna ætla ég að segja ykkur dæmisögu úr raunveruleikanum:

Gunna var 16 ára, hún var sjálfráða. En hvaða merkingu hafði þetta orð fyrir hana Gunnu okkar. Sjálfráða - ráða sjálf.

-Já, ráða sjálf! en hverju fékk hún að ráða?

Jú hún þurfti ekki lengur að koma heim kl. 12 á sumrin og 10 á veturna eins og 13 ára krakkarnir. En á meðan hún bjó heima hjá sér gátu mamma og pabbi sett henni umgengnisreglur sem sögðu til um hvenær ætti að vera komin ró á heimilið. Og ef Gunna færi ekki eftir því gæti “gamla settið” hent henni út því að í raun bæri þeim ekki lengur skylda til að sjá um hana. OK. Gunna gæti farið að heiman en fæstir 16 ára unglingar eru tilbúnir eða nógu þroskaðir til að fara að búa með öllu sem því tilheyrir, s.s. reikningar sem þarf að borga, þvo þvott, vaska upp og hver nennir að þrifa klósettið sjálfur á meðan manmma og pabbi geta gert það!! Því kjósa flestir að búa bara á Hótel mömmu.

En ef hún hefði tekið þá afstöðu að flytja að heiman sem hún gerði sem betur fer ekki, hefðu foreldrar hennar stjórnað því hvort hún leigði eða ekki. Hún var nefnilega ekki fjárráða. Þannig að það eina sem hún gat gert var að búa á götunni, því að þar þyrfti hún ekki að borga leigu!! En þá væri vafalaust freistandi að leiðast úti í alls konar vitleysu s.s. eiturlyfjaneyslu. Ef hún hefði tekið þá afdrifaríku ákvörðun að stofna lífi sínu í hættu með eiturlyfjum, þá hefði enginn getað stoppað hana því að hún myndi kaupa eiturlyf fyrir þá peninga sem hún hafði unnið sér inn með blaðburði og bæjarvinnu, sem hefðu hvort eð er ekki nægt fyrir leigunni. Mamma hennar og pabbi gætu ekki sótt hana og sent hana í meðferð... því hún var jú sjálfráða.

Þegar Gunna var 15 ára byrjaði hún með strák sem heitir Jón og var hann 16 ára. Þegar þau voru búin að vera saman í rúman mánuð hélt Jón framhjá Gunnu sem varð brjáluð eins og gefur að skilja og kærði Jón fyrir kynferðisafbrot. Kæran var á þann veginn að hann hafði haft samræði við Gunnu gegn hennar vilja, að hún sagði. Hún var undir lögaldri þegar þetta atferli átti sér stað og fór hún fram á skaðabætur vegna þessa. Vissulega vann hún málið því að hún var jú undir lögaldri og Jón þ.a.l. sekur (Gunna fékk þarna dágóðan vasapening og skrátt í sumarfrí til Mæjorka).

Svo þegar Gunna kom heim úr 2ja vikna fríi, þá sættust Jón og Gunna. Svo líður og bíður og hún er orðin 18 ára og hann 19 ára. Þau trúlofuð, hún ólétt og þau búa saman í eigin íbúð og búin að kjósa í fyrsta skipti. Undirbúningur fyrir brúðkaup Jóns og Gunnu var í hámarki. Allt var að verða klárt, kjóllinn, veislan á Hlöðufelli, kirkjan, presturinn, svítan á Hótel Örk, blómaskreytingin og allt, .. en, nei einn var nú hængur á, ætlunin var að skála í kampavíni fyrir brúðhjónunum í veislunni að amerískum sið. Hún Gunna sem var búin að kaupa allt sem kaupa þurfti, panta allt sem panta þurfti, þurfti að skríða á hnjánnum til mömmu gömlu og biðja hana um að kaupa kampavinsflöskur, þvílík niðurlægning. Því að auðvitað mátti Gunna ekki kaupa kampavínið sjálf, hvað þá að skála fyrir eigin brúðkaupi, En örvæntið ekki... brúðkaupið gekk vel fyrir sig og allir skáluðu fyrir brúðhjónunum nema Gunna sem var ólétt og auk þess ekki orðin tvítug.

En bíðið nú hæg því ekki er öll sagan sögð!!

Síðastliðin jól þegar Jón ætlaði að sýna hæfni sína sem húsbóndi með því að skjóta rjúpur í jólamatinn að “norðlenskum sið”, á meðan Gunna steikti laufabrauðið með konunum í fjölskyldunni, kom það upp úr krafsinu að hann mátti það eigi. Því að ekki eru byssuleyfi veitt fyrr en á 20 ára afmælisdeginum og þar sem Jón var orðinn löghlýðinn þjóðfélagsþegn vildi hann ekki brjóta lög. Enn einu sinnu þurftu skötuhjúin að leita til mömmu og pabba.

ÞVÍLÍK HNEYSA!!

Það sem ég var að reyna að sýna fram á með þessari sögu var að þetta er allt frekar fáránlegt. Aldur er afstætt hugtak og því er mjög flókið að miða allt við aldur. Það væri náttúrulega best ef einhver sæi sér fært um að þroskamæla landann. Fólk fengi stimpil í þroskaskírteinið sitt fyrir hvern áfanga sem það hefur náð. En þar sem ég sé ekki fram á að það muni gerast á komandi áratugum þá verði þið, háttvirtu ráðherrar, eins og aðrir stjórnendur þessa lands að opna augun fyrir því að það verður að breyta þessum úreltu lögum um sjálfræði. Eins og fram kom í sögunni þá stangast öll réttindi á. Og enn eitt dæmið: Það er svo fáránlegt að vera orðinn sjálfráða og manni er ennþá sagt fyrir verkum. 16 ára sjálfráða unglingur þarf að bíða í 2 ár og fær þá að fara inn á skemmtistaði, en þegar 18 ára aldri er náð þarf aftur að bíða í 2 ár eftir að mega kaupa það sem skemmtistaðurinn býður upp á, svo sem vínið.

Hvers vegna að miða sjálfræðisaldurinn við 16 ár, fyrst að maður er í rauninni ekki sjálfráða fyrr en 20 ára? Það sem ég vil er að þessi tiltekni sjálfræðisaldur verði færður upp í 18 ár og maður verði þá líka sjálfráða, í þeirri merkingu sem orðabókin góða gefur til kynna. Og þá á ég við að ég fái öll réttindi 18 ára, lögræði s.s. bæði sjálfræði og fjárræði, vínræði, þ.e.a.s. aldur til að kaupa áfengi, hafa kosningarétt og byssuleyfi. Mér finnst í lagi að ökuréttindi séu miðuð við 17 ára aldur og ballaldur við 16 árin á meðan ekki er selt vín á staðnum. Ég vil sem sagt vera orðinn fullgildur ríkisborgari 18 ára.

Ég vil einnig vekja athygli á lögnum í sambandi við fæðingarár og fæðingardag. Þegar aldurstakmark á ball er 16 ár er miðað við árið og er það allt gott og blessað því þá er jafnöldrum ekki mismunað og minni hætta á að vinahópi sé splundrað af ráðamönnum og heimskum landslögum. En það kemur gjarnan fyrir að landslögin og okkar háttvirtu þingmenn leggi sig alla fram við það að rústa vinahópnum, sem oftar

en ekki inniheldur fólk sem á ekki alveg sama afmælisdag. Þetta atriði kom glögglega í ljós þegar gæsapartý hinnar títtnefndu Gunnu var haldið. Þegar mikið var búið að gantast með hana Gunnu okkar var stefnan tekin á Hlöðufell og aldrei þessu vant var 18 ára aldurstakmark. Gunna komst auðvitað inn á staðinn því hún var jú orðin 18 ára, en besta vinkona hennar, hún Sigga litla átti ekki 18 ára afmæli fyrr en í vikunni á eftir og þurfti því að “bíta í það súra enni” að sitja fyrir utan Hlöðufell með “sárt eplið”!!! Gunna fær líka að fara á undan Siggu í Ríkið og ég tala nú ekki um þegar á að fara á skytteri. Því að þetta miðast einnig við afmælisdag.

Þetta hugtak “sjálfræði” sem ég er búin að vera að glíma við og gildir í íslenskum landslögum er í hoppandi mótsögn við sjálf sig, því að 16 ára sjálfráða unglingur á Íslandi í dag er bara alls ekkert sjálfráða. Það er því ósk mín að þið elskulegu ráðamenn takið ykkur nú saman í andlitinu, opnið augun fyrir fáránleikanum og breytið lögunum. Þannig að ég verði fullgildur íslenskur ríkisborgari 18 ára. Ég mun bíða með glöðu geði þangað til, ef ósk mín verður uppfyllt. Því eins og ágæt kona sagði: “Minn tími mun koma”!!

Takk fyrir.

Ef ég mætti ráða

Guðlaugur Magnús Ingason 14 ára, Félagsmiðstöðinni Tunglinu, Ólafsfirði.

Góðir gestir.

Það er svo margt í okkar litla þjóðfélagi og úti í hinni víðu veröld sem ég vildi breyta. Já, ef ég væri alvaldur, myndi ég koma á sjöunda himninum hans Davíðs frá Fagraskógi:

“Fólk þurfti þar ekkert að kaupa né selja
enginn að berjast um auð né völd
og enginn að hugsa um tekjur né gjöld.
Auðvitað þurfti enginn að borða og enginn að safna vetrarforða.
Enginn þjáðist að sorg né synd
og sjónina fengu augun blind”.

Í sjöunda himni voru líka allir jafnir og allir gátu þar landi náð. Þetta var auðvitað bara draumur, en veruleikinn: friðlaust mannkyn og freðin jörð.

Ef ég mætti ráða léti ég vopnaframleiðendur leggja niður iðju sína, en léti þá þess í stað framleiða kærleiksfræ sem sáð yrði um alla móður jörð. Þá kæmi það af sjálfu sér að engum dytti í hug að framleiða vímuefni svo sem eiturlyf, sígarettur og brennivín, sem tröllríða nú veröldinni og leiða af sér sorgir, þjáningar og dauða. Þá myndi græðgin líka hverfa og enginn reyna að hrifsa brauð frá meðbróður sínum og í samskiptum manna ætti að ríkja jafnrétti og bræðralag. Þetta eru auðvitað skýjaborgir eins og í kvæðinu hans Davíðs og því er best að færa sig niður á jörðina.

Í flestum mönnum býr löngun og þörf til að spreyta sig og sýna hvað í þeim býr. Í unglíngum býr orka sem knýr þá til einhverra athafna góðra eða illra. Ég myndi reyna af öllum mætti að benda unglíngum, hverjum og einum á að finna sinn farveg, því svo er margt sinnið sem skinnið og reyna svo að keppa að settu marki. Úr mörgu er að velja og allir ættu að geta valið sér viðfangsefni við hæfi, þar sem tækni og vísindi gera flestum kleift að nema eitthvað enda þótt margir séu líkamlega eða andlega fatlaðir.

Gáfur og hreysti fá nefnilega ekki allir í vöggugjöf. Þá sem minna mega sín myndi ég reyna að styðja eftir mætti, en það á líka að styðja við bakið á þeim sem skara fram úr á einhvern hátt og þeir eiga að fá umbun fyrir elju sína og atorku.

Í öndverðu hófu Grikkir íþróttir til vegs og virðingar og hlúðu að því að skapa hrausta sál í heilbrigðum líkama. Tómsundum á vettvangi íþróttar er því vel varið. En kapp er best með forsjá. Hnefaleika í núverandi mynd svo og nautaat finnst mér eiga að banna því þar eru oft hrottalegar aðfarir.

Ef ég mætti ráða þyrfti engin mamma að fara tilneydd frá litla barninu sínu út á vinnumarkað til þess að afla fjár til lífsviðurværis. Þó barnaheimili séu góð á sinn hátt koma þau aldrei í staðinn fyrir góða mömmu.

Á þessari öld framfara sem við nú lifum á, finnst mér einu hafa hnignað eftir því sem ég hef heyrt og lesið, en það eru samskipti ungra og aldinna. Nú er það næsta fátítt að fleiri ættliðir búi undir sama þaki. Börnin eru drifin á barnaheimili og aldnir á elliheimili og stór gjá myndast milli æsku og elli. Gamalt fólk einangrast og gleymist hreinlega oft inni á stofnunum. Þessu vil ég eindregið breyta. Ég held að það væri ágætt að ungir og aldnir blönduðu geði við og við. Mér finnst alveg komið nóg af hverskyns stofnunum og “kerfið” eins og það kallast verður sífellt flóknara og þyngra í vöfum. Þetta myndi ég reyna að laga og einfalda í stað þess að margfalda.

Bókvit er auðvitað ágætt, en það er töluverður sannleikur fólgin í því að það eitt verður ekki í askana látið. Í því sambandi dettur mér í hug sönn saga um strák sem nú er orðinn kennari í Reykjavík. Hann var sumarlangt í sveit og þótti slátur og annar innmatur góður. Um haustið var hrúti fargað fyrir göngur. Strákurinn sem var orðinn nokkuð stálpaður var áhorfandi þegar rist var á kvið skepnunnar. Hann stóð alveg klumsa og spurði: “Hvar eru allir sláturkeppirnir og rúllupylsurnar”. Að skólabörn séu svona fávís um lífið og tilveruna finnst mér ekki nógu gott. Ég myndi leggja meira kapp á það að nemendur, strax í grunnskóla, kynntust náttúrunni, raunveruleikanum og atvinnulífinu.

Ég vil sem sé, að börn og unglíngar kynnist snemma hinum raunverulega heimi sem við lifum í og læri að greina milli góðs og ills. Það á að byrgja brunninn áður en barnið dettur ofaní, segir gamall málsháttur. Eiturlyfjaneysla á Íslandi og allt það böll sem henni fylgir er orðið iskyggilegt. Því finnst mér að það þurfi að margfalda forvarnir gegn vímuefnum og sígarettum. Mér finnst t.d. að þegar í grunnskóla þurfi heimili og skóli að taka saman höndum og hefja áróðurinn gegn fíkniefnum hverju nafni sem þau nefnast. En hvað er til bragðs? Þó við prédikum og prédikum fellur það bara oft í grýtta jörð en einhverju hlýtur það þó að skila.

Allir skólar ættu að hvetja nemendur sína enn frekar til hollra tómstundastarfa og gefa þeim kost á að taka þátt í starfi til uppbyggingar sem stuðlar að betra mannlífi. Það er líka umhugsunarefni hve raddir um einelti eru að verða háværar. Við verðum að hafa vakandi auga á því að skólasystkini okkar verði ekki fyrir háði eða öðru aðkasti. Þeir sem eru lagðir í einelti bera þess kannski aldrei bætur svo það getur jafnvel eyðilagt lífi þeirra.

Sem heimakær unglingur í dreifbýli legði ég til að fólk á landsbyggðinni ætti möguleika á fjarkennslu á Internetinu. Það er oft erfitt fyrir óharðnaða unglunga að yfirgefa foreldrahúsin og þurfa langt í burtu til framhaldsnáms auk þess er það mjög dýrt. Mikið yrði það þægilegt ef unglingum sem það kjósa yrði gert kleift að taka til dæmis stúdentspróf áður en þeir yfirgæfu hreiðrið sitt. Þetta ætti að vera hægt á öld tækninnar. Stúdentspróf er lykill að frekara langskólanámi. Með þann lykil í vasanum og nokkrum árum eldri og vitrari tel ég að unglingum yrði síður fótaskortur á hálum vegi lífsins. Er þetta kannski líka bara draumur?

Takk fyrir.

Horft til framtíðar

Dania Heinesen 14 ára, Félagsmiðstöðinni Síðuskóla, Akureyri.

Góðir áheyrndur.

Erindið sem ég ákvað að taka fyrir er um framtíðarhorfur okkar unglunga hér á Norðurlandi og þá sérstaklega í mínum heimabæ, Akureyri.

Það sem kemur fyrst í huga mér varðandi framtíðarhorfur okkar unglunga eru skólamálin hér á Akureyri. Um þessar mundir eru þau á viðkvæmu stigi vegna kjarabaráttu kennara, en sú barátta á fullan rétt á sér. A.m.k. ef við horfum á stöðuna hérna í bænum. Á síðustu árum hefur verið mjög erfitt að fá lærða kennara til starfa við skóla hér á Akureyri og er það fyrst og fremst vegna þess hversu lág laun eru í boði. Lærðir kennarar fara frekar að starfa í öðrum atvinnugreinum þar sem laun eru hærrí og í stað þeirra er ráðið ófaglært fólk sem getur ekki alltaf brugðist við þeim vandamálum sem upp koma. Einnig leiða lág laun til þess að kennarar stoppa styttra við í starfi og nýjir koma í staðinn og alltaf tekur sinn tíma fyrir þá að komast inn í kennsluna og því sem henni fylgir.

Þetta er engan veginn nógu gott fyrir okkur nemendur og getur haft slæm áhrif þegar komið er í framhaldsskóla þar sem oft eru gerðar meiri kröfur til nemenda. Að mínu mati mótast framtíð okkar unglunga að miklu leyti í grunnskóla og því er afar mikilvægt að stöðuleiki sé sem mestur þar. Betti laun kennara myndu því hafa mikið að segja varðandi framtíðarhorfur okkar unglunga og vona ég því að þeir eigi eftir að fá ásættanleg laun fyrir störf sín til þess að tryggja megi öryggi okkar unglunga.

Annað mál sem mér kemur í hug eru reykingar unglunga, sem hafa stóraukist á síðustu árum. Forvarnarstarf virðist vera minna en fyrir ca. 10 árum síðan og unglingarnir virðast ekki alveg gera sér grein fyrir skaðsemi reykinga. Að mínu mati ætti hvergi að

spara í forvarnarstarfi því það hlýtur að kosta mun minna að sinna því vel, heldur en að þurfa að kosta heilsugæslu við þá sem fengið hafa krabbamein eða annað sem rekja má til reykinga. Því segi ég að öflugt forvarnarstarf stuðli að betri heilsu og framtíð unglinga og einnig gæti það sparað mikla peninga. En eins og stóð í bréfi til kennara frá Krabbameinsfélaginu, að það ætti að koma á fræðslu um tóbak, áfengi og fíkniefnaneyslu inn í skólana, er þetta bara orðrómur eða verður þetta að veruleika.

Félagsmiðstöðvarnar mætti einnig bæta með aukinni fjárveitingu. Hér á Akureyri starfa tveir starfsmenn við hverja félagsmiðstöð og fjöldi krakka sem mætir, getur orðið í kringum 100 krakkar á kvöldi. Það sjá allir að þetta er ekki nóg ef sinna á krökkunum á sem bestan hátt. Það væri e.t.v. hægt að færa ýmis námsskeið inn í félagsmiðstöðvarnar til að allir geti fundið eitthvað að gera við sitt hæfi. Með því að fjölga starfsmönnum getur krökkum gefist aukið tækifæri á að nýta og þroska ýmsa hæfileika sem þeir búa yfir og skora ég því hér með á bæjaryfirvöld að veita auknum fjármunum í starfsemi félagsmiðstöðva bæjarins.

Að síðustu ætla ég aðeins að minnast á þá umfjöllun sem við unglingar fáum í fjölmiðlum landsins. Hún er oftast en ekki neikvæð og snýst þá um það sem unglingar eru að gera í bænum um helgar t.d. um áfengis- og fíkniefnaneyslu og afbrot sem fylgja í kjölfarið. Auðvitað eru líka dæmi um jákvæða umfjöllun, en hún mætti sjást oftast. Mér finnst tilvalið að unglingar hér í bænum fengju sjálfir að koma skoðunum sínum á framfæri með því t.d. að hafa eina unglingasíðu í Degi. Þar gætu þeir einnig fjallað um það sem er á döfinni í félagslífinu, auglýst uppákomur og margt fleira. Það væri hægt að skipa ritnefndir í félagsmiðstöðvum sem myndu ákveða hvaða efni færi í blaðið hverju sinni. Með þessu væri hægt að virkja unglingana meira og einnig myndi yfirsýn þeirra yfir félagslífið aukast. Þar sem ritstjóri Dags er staddur hér á þessu málþingi, þá skora ég á hann að láta þessa hugmynd verða að veruleika og sýna þannig gott fordæmi; að við unglingarnir skiptum einhverju máli í þjóðfélaginu.

Góðir málþingsgestir, hugsíð um það sem ég hef sagt í þessu erindi. Það þarf að hugsa vel um hag okkar unglingana, þeir eru jú framtíð þessa lands.

Takk fyrir.

Mitt Ísland í dag

Andrea Víðisdóttir 15 ára, Félagsmiðstöðinni Glerárskóla, Akureyri.

Umboðsmaður barna, Þórhildur Líndal, málþingsstjóri Tryggvi Gíslason, aðrir er þátt taka í málþinginu og gestir.

Ég ætla að stikla á stóru um þau mál sem skipta mig mestu í augnablikinu, hafa áhrif á tilveru mína og raunveruleika og eru þess vegna “Mitt Ísland í dag”.

Unglingum og börnum eru eðlilega settar reglur sem varða hegðun og atferli þeirra í því skyni að ala okkur upp sem best, veita okkur aga og aðhald, gera okkur að hæfum þjóðfélagsþegnum. Ég hef lengi hugleitt hvað skiptir mestu máli þegar reglur, boð og bönn eru sett og hvaða skilaboð við fáum frá þeim sem hafa áhrif á uppeldi okkar.

Eru skilaboðin og reglurnar alltaf í samhengi og samræmi, er þáttur foreldra í uppeldinu að minnka og eða þurfa foreldrar hjálp við að ala okkur upp!!

Ég vil nefna nokkur dæmi um misvísandi skilaboð sem börn og unglingar fá frá svokölluðum uppalendum sínum, allt frá foreldrum til stjórnvalda:

* Útivistartími er málefni sem alltaf er vinsælt umræðu-og umkvörtunarefni meðal barna og unglunga og sífelldur höfuðverkur foreldra að fara eftir. Frá mínum bæjardryrum séð er eitt vitlausara en annað í þessu máli. Það er það að sveitarfélög geta sett sér sínar eigin reglur án tillitis til annarra og án samráðs við bæjarfélög í næsta nágrenni. Í mínum bæ, Dalvík, eru útivistarreglur strangari en t.d. í Ólafsfirði og á Akureyri. Þetta veldur því að unglingar heima fara á þessa staði á kvöldin til að notfæra sér rýmri reglur þar, oft á puttanum og jafnvel án þess að láta nokkurn vita heima fyrir. Reyndar er það nú einnig oft með samþykki foreldra. Það er að mínu mati ábyrgðarhluti að setja útivistarreglur án þess að hafa samráð við næstu nágretta sína þar sem þessar reglur geta líka haft áhrif.

* Mér og systkinum mínum hefur alltaf verið uppálagt að nota bílbelti í bíl og hjálm þegar við hjólum. Ekki þar með sagt að alltaf hafi verið farið eftir því. Bílbeltanotkun var lögleidd fyrir nokkru og nú um daginn var reiðhjóláhjálmnotkun lögleidd fyrir börn yngri en 15 ára. Ótrúlegt er að setja reglur sem eiga við börn upp í 9. bekk, en síðan má 10. bekkur hjóla hjálmlaus. Ekki er þetta til að auka ánægju yngri nemenda með þessar reglur. Mér er reyndar sagt að þetta sé útaf því að sakhæfi hefist við 15 ára aldur og ekki sé ætlunin að kæra hjálmleysi fyrst um sinn, en mér finnst það ekki skipta máli. Mörgu fullorðnu fólki veitti ekki af því að vera skyldað til að nota hjálm, ekki er það betra hjólreiðafólk en við unglingarnir. Best væri ef allir væru skyldaðir til að hlýta reglum um notkun reiðhjóláhjalma.

* Börn og unglingar eiga í dag að fá góða þjónustu í skólum sem felst í því að reynt er að hugsa um þarfir hvers og eins. Okkur er kennt og við fáum hjálp með það í huga hvar við erum stödd námslega, við veljum hægferð eða hraðferð í viðkomandi námsefni og njótum sérkennslu ef þörf er á. Síðan kemur reiðarslagið; SAMRÆMD PRÓF.....allt í einu á að prófa okkur öll í því sama, burtséð frá því hvar við stöndum námslega! Og síðan er eins og aðalatriðið sé að rífast um og velta sér upp úr því hvaða skólar komu verst út, hvaða landshluti hefur nú lélegasta námsfólkið eða vanhæfustu kennarana.

* Kynlíf! Margir unglingar hafa snemma uppgötvað kynlíf og þá leið til ánægjuauka. Nú er búið að banna okkur að njóta kynlífs fyrr en eftir 16 ára aldur. Af hverju að stoppa okkur þegar við erum komin af stað? Er foreldrum okkar ekki treyst til að veita og meta ásamt okkur, hvort við erum nógu þroskuð og tilbúin til að stunda kynlíf. Ég get reyndar séð okkur í anda heima við eldhúsbordið: Mamma segir: "Andrea mín, ég var nú orðin rúmlega tvítug þegar ég byrjaði og þess vegna getur þú bara gert það líka"! Sjensinn!! Margir unglingar eru þroskaðri en þeir sem eldri eru og vita vel hvað þeir eru að gera. Getur það verið að þessar ráðstafanir séu gerðar vegna eigin reynslu foreldra eða þeirra sem stjórna landinu, ef svo er af hverju hafa þessar reglur ekki litið dagsins ljós í fullskapaðri mynd fyrr en nú?

* Stutt er síðan sjálfræðisaldur var hækkaður í 18 ár. Það þykir flestum eðlilegt og mér jafnvel líka, vegna þess að það er eðlilegt að sjálfræði og fjárræði fylgist að. Við

18 ára aldur öðlast menn sjálfstæði. En hvað felst í þessu sjálfstæði? Það er að vera 18 ára, ráða sér sjálf, lifa kynlífi án aðstoðar og afskipta foreldra og forráðamanna, mega gifta sig, kaupa sér tóbak, hafa rétt til að kjósa forseta og fulltrúa til að stjórna landinu og eyða sínum peningum eins og maður vill... eða hvað? Ég má ekki fara í Ríkið eða versla áfengi á vínveitingastöðum sem ég hef leyfi til að sækja! Af hverju ekki! Ef 18 ára einstaklingur er tilbúinn í allt hitt en ekki þetta, af hverju er þá sjálfræðisaldurinn ekki bara settur við 20 ár eða áfengiskaupaaldurinn lækkaður?

Eftir þessa upptalningu stendur síðan eftir hugleiðingin um það hvaða fordæmi uppaldur okkar, frá foreldrum til stjórnvalda, gefa okkur til eftirbreytni. Er von til þess að við förum að þeim reglum sem nú eru settar, þegar t.d. foreldrar og eldri systkini hafa ekki þurft að hafa af þessu áhyggjur á sínum unglingsárum? Eða jafnvel brutu þær reglur sem þá giltu? Hvernig er hægt að ætlast til að við forðumst áfengi og tóbak þegar fullorðnir reykja og drekka á almannafæri og sýna hegðun sem ætti ekki að sæma nokkrum manni!!

En það er fleira sem ég vil nefna áður en ég lýk þessum lestri. Mér finnst ég njóta forréttinda með því að vera það sem ég er í dag, Íslendingur á besta aldri af því að;

- * ég á heima í fallegu landi, á fornt og fallett tungumál sem ég get lesið af ritum forfedra okkar
- * get andað að mér hreinu lofti á hverjum einasta degi
- * get vænst þess að verða heilsuhraust og langlíf... og
- * lifa og dafna án þess að þurfa að óttast stríð, kúgun eða misrétti

EFTIR ALLT ER ÞAÐ EKKI SVO SLÆMT

“Mitt Ísland í dag”